

Reykjavík 27. febrúar 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frumvarp til laga um Menntamálastofnun. Þingskjal 700 – 456. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa að eigin frumkvæði ákveðið að gera umsögn um frumvarp til laga um Menntamálastofnun vegna tengsla málaflokksins við starfsemi samtakanna. Samtökin fagna góðum tillögum að breytingum til framfara fyrir börn á Íslandi og styðja framkomið frumvarp, en hvetja til þess að vel sé hugað að allri framkvæmd, mannréttindum og sjálfbærri þróun.

Barnaheill hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vilja því áréttu mikilvægi þess að sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn, en einstaklingar eru börn að 18 ára aldri. Verði frumvarp þetta að lögum verður til ný stofnun, þó byggt verði á eldri framkvæmd og reynslu, sem mun taka fjöldann allan af ákvörðunum sem varða munu börn. Það er því mikilvægt að sjónarmið þetta sem er eitt fjögurra grunnsjónarmiða Barnasáttmálans, komi fram í lögnum eða lögskýringargögnum.

Annað grunnsjónarmið sáttmálans er sú regla að börnum megi ekki mismuna. Það er því mikilvægt að mismuna börnum ekki eftir skólastigum, þó það sé ekki skólaskylda á öllum stigum, til að mynda hvað varðar framboð á námsefni. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að hyggja að aukningu á faglegu námsefni fyrir leikskóla því nokkuð hefur skort námsefni fyrir það skólastig.

Sérstaklega er fjallað um rétt barna til menntunar í 28. og 29. greinum Barnasáttmálans og leggja Barnaheill áherslu á að allt starfsfólk hinnar nýju stofnunar verði hvatt til að kynna sér þær sérstaklega sem og að hafa gildi þeirra í huga við störf sín.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri